



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Haustönn 2021

VINU3SH02

Undirbúningur fyrir starfsþjálfun í hestamennsku, seinni hluti

Kennari:	Sissel Tveten, Áslaug Fjóla	Sk. st.	ST,
Netfang:	Guðmundsdóttir, Freyja Hilmarsdóttir		ÁFG,
	sissel@fsu.is , aslaug@fsu.is		FH

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að undirbúa nemendur fyrir starfsþjálfunaráfangann VINH3SH10. Nemendum er kennt af fylla út vinnuskýrslur um unna verkþætti, fylla út gátlista um beitarástand lands og taminga- og þjálfunarástand hesta. Einnig er farið í gerð þjálfunaráætla og mikilvægi markmiðasetningar, ásamt gerð dagbókar. Farið er yfir fjölbreyttar tamingar- og þjálfunaraðferðir.

Undanfari: HEST2GP05, REIM2GP05, FÓHE1GR03, VINU2FH02

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu verkþáttum starfsnema á starfsnámsstað
- viðteknum starfsaðferðum og vinnulagi sem nýst getur í hestamennsku
- starfs- og ábyrgðarsviði starfsnema á starfsnámsstað
- hirðingu og fóðrun hrossa
- mismunandi vinnuaðferðum, nálgun við þjálfun hesta
- mati á andlegu og líkamlegu heilbrigði hrossa
- grunnþjálfun hesta, hringteymingum og vinnu við hönd
- markvissum vinnubrögðum
- helstu þjálfunaraðferðum
- kostum og göllum mismunandi vinnuaðferða
- mati á tamingu og þjálfunarstigi hrossa.
- mati á beitalandi fyrir hross.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag á vinnustað.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgja leiðbeinandi verklagsreglum á vinnustað

Námsefni:

Efni frá kennara

Áfangann er kenndur utan töflu í nokkrar lotur. Nemendur og kennarar koma sér saman um nánari tímasetningar í upphaf annar.

Til þess að standast áfanganum er skilyrði um 100% mæting.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.